



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

Áfangalýsing ML

Titill:	Tvinntölur, fylki og vigrar í þrívídd
Námsgrein:	Stærðfræði
Viðfangsefni:	Stærðfræði
Skammstöfun:	STÆR3TF05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Viðfangsefni áfangans eru t.d. tvinntölur, annarstigs diffurjöfnur, fylkjareikningur, pólhnit og vigrar í þrívídd. Forrit sem henta hverju sinni verða nýtt til kennslu og eru nemendur hvattir til að prófa sig áfram í notkun þeirra.
Forkröfur:	STÆR3HD05
Þekkingarviðmið:	Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: • Tvinntölum og helstu reikniaðferðum þeirra • Annarstigs diffurjöfnum og helstu lausnum þeirra • Fylki og helstu reikniaðferðum þeirra • Pólhnit og færslu á milli hnita • Vigrum í þrívídd og helstu reikniaðferðum þeirra
Leikniviðmið:	Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Nota tvinntölur í útreikningum • Leysa annarstigsjöfnur • Nota fylki og beita helstu reikniaðferðum með fylkjum • Nota vigra í þrívídd
Hæfniviðmið:	Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt • átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna • geta fylgt og skilið röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta • takast á við stærðfræðileg verkefni með opnum og jákvæðum huga • skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.